

L Ö G

18

13. jan.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja hluta úr landi jarðarinnar Eyrar við Ingólfsfjörð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja, eftir mati dómkvaddra manna, Árneshreppi í Strandasýslu land úr Þjóðjörðinni Eyri við Ingólfsfjörð, er sé 200 metrar með sjó fram, innan við svo nefnda Thorsteinssens-stöð og á land upp, svo sem þörf er, fyrir síldarverksmiðjubýggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalínborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

19

13. jan.

um sauðfjárbaðanir.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þrifaböðun skal árlega fara fram á öllu sauðfé á landinu á tímabilinu frá 1. nóvember til 15. janúar.

2. gr.

Skyldur er hver umráðamaður sauðfjár að framkvæma rækilega böðun á öllu því sauðfé, sem hann hefir undir höndum, og hlíta eftirliti því og öðrum fyrirmælum, sem getur um í 4. gr. Landbúnaðarráðuneytið gefur út reglur til leiðbeiningar um baðanir, og skulu hreppsnefndir og bæjarstjórnir gæta þess, að reglunum sé fylgt.

19
13. jan.

3. gr.
Hreppsnefndir og bæjarstjórnir skulu, hver í sínu umdæmi, hlutast til um, að allir fjáreigendur í hreppum eða kaupstöðum hafi pantað næg baðlyf í sauðfé sitt svo snemma, að böðun geti farið fram samkvæmt fyrirráðum þessara laga, sem og að nothæf baðtæki séu til á hverju heimili.

4. gr.

Hreppsnefndir í hverjum hreppi og bæjarstjórnir í kaupstöðum skipa fyrir um, hvenær baða skuli innan þess tímatakmarks, er til er tekið í 1. gr., og hafa eftirlit með, að allir baði. Skulu þær í þessu skyni skipa eftirlitsmann eða eftirlitsmenn, er skoði fé allt í hreppnum eða kaupstaðnum á þeim tíma, sem dýralæknir telur heppilegast, og kynni sér heilbrigði þess, þar á meðal sérstaklega, hvort nokkursstaðar verður vart við fjárkláða. Verði eftirlitsmaður var við fjárkláða einhversstaðar í umdæminu, skal hann tafarlaust tilkynna það hreppsnefnd eða bæjarstjórn, sem þá skal gera ráðstafanir til, að hið kláðasjúka og grunaða fé verði einangrað og baðað á þann hátt, sem dýralæknir telur fullnægjandi til útrýmingar kláðanum, sem og að fjárhús verði sóttgreinsuð, svo sem hann telur fært og nauðsynlegt. Verði eftirlitsmaður var einhvers sjúkdóms, sem líklegt þykir, að geti verið fjárkláði eða annar hættulegur sjúkdómur, skal dýralækni þegar gert aðvart, svo úr því verði skorið, hver sjúkdómurinn er, og ráðstafanir gerðar gegn skaða af honum.

Eftirlitsmenn þeir, sem um ræðir í 3. gr laga nr. 90 3. maí 1935, skulu hafa glöggar gætur á því, að hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafi nægilegt eftirlit með því, að sauðfjárbaðanir fari fram, svo að sem fyllstum notum komi. Hreppsnefndum og bæjarstjórnnum ber að gefa þessum eftirlitsmönnum skýrslur um fjárkláða, sem vart hefir orðið við í umdæmi þeirra.

5. gr.

Eftirlitsmönnum þeim, sem um ræðir í 4. gr. 1. mgr., greiðist hæfileg þóknun fyrir starf þeirra úr sveitarsjóði eða bæjarsjóði. Að öðru leyti greiðir umráðamaður sauðfjárins allan kostnað af hinum venjulegu þrifaböðum. Þurfi að tvíbaða féð vegna fjárkláða, greiðir ríkissjóður andvirði baðlyfja í annað baðið, hvort sem það er samhliða hinn almennu þrifaböðun eða á öðrum tímum árs, svo og flutningsgjald undir þau á viðkomustaði strandsiglingaskipanna, kostnað við geymslu þeirra og afhendingu, en þangað vitji fjárhafar baðlyfjanna á sinn kostnað og greiði annan kostnað af böðuninni.

6. gr.

Nú verður kind sjúk með þeim hætti, að kláði kann að vera, og skal þá sá, er kindina hefir undir hendi, tafarlaust segja eftirlitsmanni frá því, enda einangri fjárhafi kindina þangað til gengið hefir verið úr skugga um það, hvort um kláða er að ræða, og þá nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til lækningar.

7. gr.

Nú fyrirskipar stjórnarráðið baðanir á sauðfé til útrýmingar fjárkláða á stærri eða minni svæðum samkvæmt lögum nr. 90 3. maí 1935, og skal þá framkvæmd þessara laga frestað á því svæði, sem útrýmingarboðun fer fram, svo lengi sem þurfa þykir og stjórnarráðið ákveður.

8. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að veita undanþágu frá þrifaböðunum þar sem svo er háttáð heilbrigði sauðfjár, að dómi dýralæknis, að hætta geti stafað af böðun.

9. gr.

19

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 10—500 kr., sem renna í sveitar-sjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið. Skal farið með þau mál sem almenn lög-reglumál.

13. jan.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 58 30. nóvember 1914, um sauð-fjárbaðanir, og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við lög þessi.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að endurgreiða sauðfjáreigendum þeim, er tvi-böðuðu fé sitt vegna fjárkláða veturinn 1936—1937, verð baðlyfs í aðra þá böðun, og verði það greitt af fé því, sem veitt verður í fjárlögum 1938 til útrýmingar fjárkláða.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 13. janúar 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

20

um breyting á lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

13. jan.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

67. gr. laganna hljóði þannig:

Stjórn bankans skal skipuð einum bankastjóra og einum gæzlustjóra.

Ráðherra sá, sem fer með landbúnaðarmál, skipar bankastjórna og hefir um-sjón bankans.

Ráðherra getur sagt bankastjóra og gæzlustjóra upp með 12 mánaða uppsagn-arfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðu sinni með sama fyrirvara.

Bankastjóri hefir að árslauum 12000 krónur, og auk þess dýrtíðaruppbót, sem ráðherra ákveður, þó svo, að hann aldrei hafi hærra laun og dýrtíðaruppbót saman-lagt en bankastjórar Landsbanka Íslands.

Laun gæzlustjóra og dýrtíðaruppbót ákveður ráðherra.

Ráðherra getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fé bank-ans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af launum bankastjóra og 25% af launum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skipti.

Ráðherra getur einnig veitt fráförnum gæzlustjóra og ekkju hans eftirlaun af fé bankans eftir sömu reglum.